

Sjálfsmatsskýrsla
Sæmundarskóla 2018-2019

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Sýn Sæmundarskóla	3
Um sjálfsmat skólans	3
Skólasamfélag	4
Stjórnun	4
Skipulag skólastarfs, starfsáætlun	7
Skimanir, samræmd próf	7
Nemendur og líðan	8
Foreldrasamstarf	8
Verklag	9
Skólanámskrá	9
Skóli án aðgreiningar - Stoðþjónusta.....	9
Stoðþjónusta	10
Fjölbreyttir náms- og kennsluhættir	12
Heimasíða	13
Heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi	13
Mannauður	14
Samstarf	14
Starfsánægja og líðan	14
Símenntun	14
Þróunarverkefni	15
Lokaorð	15

INNGANGUR

Sæmundarskóli tók til starfa 2003 sem Sæmundarsel við Ingunnarskóla. Skólinn varð sjálfstæður í janúar 2007 og eru nemendur skólans 496 og tæplega 78 starfsmenn. Skólastjóri er Eygló Friðriksdóttir, Matthildur Hannesdóttir aðstoðarskólastjóri og deildarstjórar Guðrún Anna Gunnarsdóttir og Katrín Ásta Hafsteinsdóttir. Sæmundarskóli fær nafn sitt af Sæmundi fróða en götuheiti og skólaheiti í hverfinu eru fengin úr kristnisögu enda hverfið kennt við þúsaldarafmæli kristnitöku. Nýtt skólahúsnaði var formlega tekið í notkun haustið 2011.

Sýn Sæmundarskóla

Einkunnarorð Sæmundarskóla eru gleði, virðing og samvinna. Þau gefa tóninn fyrir skólabraginn og eru leiðarljós í starfinu. Sýnin á við alla í skólasamfélaginu, starfsfólk, nemendur, foreldra/forráðamenn og aðra sem hlut eiga að máli.

Gleði

Við veljum að vera jákvæð og lausnamiðuð í starfi okkar. Markmið okkar er að nám sé við hæfi hvers og eins. Leitast er við að taka tillit til áhugasviðs og ólíks námsstíls. Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar og getur nám farið fram bæði inni og úti. Í þemanámi, vali og smiðjum gefst tækifæri til að sökkva sér niður í viðfangsefni og samþætta námsgreinar þ.a.m. list- og verkgreinar. Þannig ætti sem flestum nemendum að gefast tækifæri til að njóta hæfileika sinna og blómstra í skólastarfinu.

Virðing

Framkoma okkar á að einkennast af virðingu fyrir sjálfum okkur og öðrum - aðgát skal höfð í nærveru sálar. Við notum PBS agakerfið til að styrkja jákvæða hegðun. Við umgöngumst umhverfi okkar einnig af virðingu, hlúum að gróðri og njótum útiveru þegar tækifæri gefst.

Samvinna

Við eigum þennan skóla saman og vinnum saman að því að gera hann stöðugt betri og leitumst við að vinna saman með foreldrum að velferð nemenda. Kennarar vinna saman í teyllum á opnum svæðum og reynt er að blanda saman árgöngum til að efla samvinnu í skólanum. Góð samvinna skilar okkur auknum árangri í námi og starfi og styrkir skólasamfélagið sem heild.

Um sjálfsmat skóla

Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008, gr 35 og 36 og aðalnámskrá grunnskóla 2006, almennum hluta ber skólanum að gera formlegt sjálfsmat og gefa út í sjálfsmatsskýrslu. Markmið matsins er að fylgjast með og bæta árangur og gæði skólastarfsins. Í Sæmundarskóla hafa skýrslur verið kynntar foreldraráði og gefnar út á vef skólans. Sjálfsmat Sæmundarskóla er í raun stöðugt og rauntengt. Dag hvern fer fram mat á skólastarfi í umræðum kennara og annars starfsfólks, umræðum foreldra og annarra rýnihópa þar sem stöðugt er verið að endurmeta og reyna að gera betur. Formlegt mat er einnig mikilvægt til að skoða árangur og sjá hvar skólinn stendur. Í Sæmundarskóla er lögð áhersla á að fylgjast vel með innra starfi skólans og bregðast við því sem betur má fara eins fljótt og unnt er. Eftirfarandi atriði eru rýnd reglulega:

Sýn, starfshættir, starfsþróun

- Starfsmannasamtöl, kennarar spegla starfshætti í sýn skólans
- Samantektir frá verkefnisstjórum þróunarverkefna
- Umræður á kennarafundum og skólaráðsfundum

- Könnun varðandi óskir um símenntun
- Niðurstöður samræmdra könnunarprófa
- Niðurstöður „Læsis“

Viðhorf og líðan nemenda

- Skólapúlsinn
- Niðurstöður úr könnun sem allir nemendur gera og rýna í fyrsta foreldraviðtali skólaársins
- Tengslakannanir í bekkjum
- Fundir í skólaráði
- Viðhorfakönnun foreldra SFS

Viðhorf og líðan starfsmanna

- Starfsmannasamtöl

Viðhorf foreldra

- Viðhorfakönnun SFS
- Niðurstöður viðhorfakannana á skólakynningum nemenda
- Fundir í skólaráði
- Fundir í stjórn foreldrafélags

Öryggis- og vinnuverndarmál

Skrifstofustjóri, umsjónarmaður húseignar og skólastjóri safna gögnum í vinnuumhverfisvísi heilbrigðiseftirlits. Í lok skólaársins sér skólastjóri um að taka saman niðurstöður.

SKÓLASAMFÉLAG

Stjórnun

Áhersla er lögð á lýðræðisleg vinnubrögð í Sæmundarskóla. Í stjórnendateyminu 2018-2019 eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri, deildarstjóri unglíngastígs, verkefnastjóri, og verkefnastjórar þróunarverkefna. Skólaveturinn 2018-2019 voru gerðar breytingar á stjórnuninni með það að markmiði að dreifa forystunni enn frekar. Í starfsmannasamtölum komu fram hugmyndir um að þess þyrfti. Í stað skilgreindra tengla á stigum, stígu millistjórnendur inn í það að leiða stígið og sjá um skipulag og praktísk mál en kennarar voru fengnir til að stýra tímabundnum verkefnum. Skólaveturinn 2018-2019 eru verkefni skólabragur, námskrá og leiðsagnarmat ásamt Skólaliðaverkefni.

Skólastjóri

Grunnskólalög kveða á um skyldur skólastjóra:

Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins. Skólastjóri boðar til kennarafunda svo oft sem þurfa þykir á starfstíma grunnskóla. Kennarafundi sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skólans. Skólastjóri boðar til starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir. Skólastjóri gerir tillögur til sveitarstjórnar um fyrirkomulag stjórnunar í grunnskóla með tilliti til þarfa viðkomandi skóla. Skólastjóri ákveður verksvið annarra stjórnenda skólans og skal einn þeirra vera staðgengill skólastjóra.

Helstu verkefni:

- Stýrir samræmingu á skólastarfi, sýn skólans
- Sinnir faglegri forystu
- Hefur yfirumsjón með þróunarverkefnum skólans
- Stýrir vikulegum kennarafundum og stuðningsfulltrúafundum
- Hefur yfirumsjón með námskrá skólans
- Ber ábyrgð á húsnæði, búnaði og innkaupum
- Hefur yfirumsjón með ráðningum og mannahaldi
- Hefur yfirumsjón með starfsáætlun og annarri áætlanagerð
- Hefur yfirumsjón með sjálfsmati skólans
- Hefur umsjón með símenntun starfsfólks
- Setur upp skóladagatal í samvinnu við aðra skólástjóra hverfis
- Sér um tengsl við grenndarsamfélag
- Stýrir starfi og fundum skólaráðs og sér um samskipti við stjórn foreldrafélags
- Ber ábyrgð á áfallaráði

Aðstoðarskólástjóri

Er skólástjóra til aðstoðar við almenn stjórnunarstörf þannig að skólastarfið gangi eðlilega fyrir sig auk þess að sjá um daglega stjórnun skv. skipuriti.

Helstu verkefni:

- Sinnir faglegri forystu ásamt öðrum stjórnendum
- Er staðgengill skólástjóra
- Sér um stundatöflugerð kennara og stuðningsfulltrúa
- Sér um skipulagningu vegna þrifa
- Sér um skipulagningu vegna forfalla
- Sér um samskipti við foreldrafélagið
- Sér um skipulagsmál s.s. fyrir frímínútur, matsal, íþróttahús og viðburði
- Stýrir deildarfundum á yngsta stigi
- Skipuleggur móttöku 1. bekkjar, og er í samstarfi við leikskólana, í samstarfi við deildarstjóra og tengil kennara á yngsta stigi við leikskóla
- Heldur utan um skólaliða í húsinu í samvinnu við umsjónarmann húseignar, ráðningarsamninga, launa- og kjaramál
- Stýrir vikulegum fundum með skólaliðum
- Er tengiliður við UTR, og hefur yfirumsjón með búnaði ásamt verkefnisstjóra
- Sér um framkvæmd samræmdra prófa ásamt deildarstjórum og verkefnisstjóra

Deildarstjóri

Deildarstjóri starfar undir stjórn skólástjóra og aðstoðarskólástjóra í umboði skólástjóra

Helstu verkefni:

- Ber ábyrgð á stöðþjónustu
- Er tengiliður við Þjónustumiðstöð, Greiningarstöð og Barna- og unglíngageðdeild
- Hefur yfirumsjón með nemendamálum
- Skipuleggur og hefur umsjón með sérkennslu skólans í samvinnu við verkefnastjóra sérkennslu
- Kallar eftir greiningum vegna nemenda og eftirfylgd

- Heldur skila-, teymis- og samráðsfundi með starfsmönnum skólans, foreldrum og öðrum aðilum
- Stýrir nemendaverndarráði
- Hefur umsjón með PBS – hegðunarmótandi kerfi ásamt skólabragsteymi skólans
- Ber ábyrgð á framkvæmd eineltisáætlunar í samvinnu við námsráðgjafa
- Sér um ráðningar og mannhald ásamt öðrum stjórnendum
- Skipuleggur starf stuðningsfulltrúa ásamt öðrum stjórnendum
- Sér um fundargerðir kennara- og starfsmannafunda
- Hefur umsjón með skimunum og samræmdum prófum

Deildarstjóri unglíngastígs

Deildarstjóri starfar undir stjórn skólástjóra og aðstoðarskólástjóra í umboði skólástjóra

Helstu verkefni:

- Sinnir faglegri forystu
- Skipuleggur og stýrir deildarfundum á unglíngastígi
- Sér um skipulag á unglíngastígi
- Hefur umsjón með nemendamálum á unglíngastígi ásamt umsjónarkennurum
- Heldur utan um námskrárteymi skólans og eflir umræðu kennara hvað varðar aðalnámskrá, skólanámskrá, kennsluáætlanir, og námsmat
- Heldur utanum framkvæmd samræmdra prófa ásamt öðrum stjórnendum

Verkefnastjóri upplýsingatækni og almannatengsla

Helstu verkefni:

- Hefur umsjón með tækni- og tölvubúnaði í skólanum og er tengiliður við UTR
- Ber ábyrgð á heimasíðu og fésbókarsíðu skólans
- Hefur yfirumsjón með almannatengslum, fréttaveitu skólans og myndatökum
- Hannar og útbýr plaköt, bæklinga og viðurkenningarskjöl fyrir skólann
- Hefur umsjón með fyrirlögn kannana t.d. á vegum Skólapúlsins og Rannsóknna og greininga
- Sinnir framkvæmd samræmda prófa með aðstoðarskólástjóra og verkefnastjóra
- hefur yfirumsjón með gerð ýmissa áætlana s.s. starfsáætlun
- Tekur þátt í reglulegum samráðsfundum með skólástjórum

Verkefnastjóri stoðþjónustu

Helstu verkefni:

- Ber ábyrgð á stefnumótun varðandi stoðþjónustu skólans ásamt deildarstjóra stoðþjónustu
- Skipuleggur og hefur umsjón með sérkennslu í samvinnu við deildarstjóra stoðþjónustu
- Veitir faglega ráðgjöf til kennara og annarra starfsmanna eftir því sem við á
- Heldur utan um skimanir sem lagðar eru fyrir í skólanum og eftirfylgd þeirra
- Veitir foreldrum ráðgjöf í samvinnu við þroskaþjálfara
- Hefur yfirumsjón með gerð einstaklingsnámskrár í skólanum
- Veitir faglega ráðgjöf til þeirra sem kenna íslensku sem anað tungumál
- Situr í nemendaverndarráði

Skipulag skólastarfs, starfsáætlun

Nemendum í Sæmundarskóla hefur fjölgað hratt undanfarin ár en nú er að hægja á fjölguninni. Skóladeginum er skipt í 3 mislangar lotur í 1.-6. bekk en í 7.-10. bekk er kennt í 60 mínútna lotum. Skólaveturinn 2019-2020 var ákveðið að taka 7. bekkinn með í unglingsdeild. Þetta var ákveðið vegna þess að vísbendingar eru um að megi herða upp á kennslu á miðstigi og töldu kennarar að þetta gæti orðið til þess. Einnig passaði betur inn í allt skipulag, bæði í húsnæði og kennslu að fjölga nemendum á unglingsstigi. Síðast en ekki síst var litið til reynslu annarra skóla s.s. Árbæjarkóla og Laugalækjarskóla sem telja vera góða reynslu af þessu fyrir komulagi.

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólahefinga, páskahefinga og annarra vetrarhefinga, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stöðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Heimasíða skólans var í endurgerð eins og aðrir vefir Reykvískra skóla og náðist því miður ekki að koma starfsáætlun út veturinn 2018-2019 en verkefnið verður í forgangi skólaveturinn 2019-2020 og munu þessar upplýsingar verða aðgengilegar á heimasíðu skólans undir tenglinum, starfsáætlun.

Athuganir og skimanir

Í Sæmundarskóla er áhersla á stöðugt rauntengt námsmat, svo kallað leiðsagarnamat. Þess utan eru nokkrar samræmdar kannanir lagðar fyrir sem gott er að rýna í. Lögð er áhersla á að finna sem fyrst þá nemendur sem þurfa stuðning og/eða sérkennslu svo beita megi snemmtækri íhlutun.

1. bekkur: Niðurstöður Hljóm-2 frá leikskóla, Stafakönnun, Lesferill – Leið til læsis, Lesferill-lesfimi
2. bekkur: Stafakönnun, Lesferill- lesfimi, Læsi
3. bekkur: Lesferill- lesfimi-umskráning, Læsi-niðurstöður, Logos skimun (prófþættir 1, 4 og 5), Talnalykill, Orðarún
4. bekkur: Lesferill- lesfimi-umskráning, Samræmd könnunarpróf, Orðarún
5. bekkur: Lesferill- lesfimi-umskráning, Orðarún
6. bekkur: Lesferill- lesfimi-umskráning, Logos skimun, Orðarún
7. bekkur: Lesferill- lesfimi-umskráning, Samræmd könnunarpróf, Orðarún
8. bekkur: Lesferill- lesfimi-umskráning, Orðarún
9. bekkur: Lesferill- lesfimi, Samræmd könnunarpróf, Orðarún, Logos skimun
10. bekkur: Lesferill- lesfimi

Sérkennari gerir greiningu á námsstöðu nemenda í samstarfi við umsjónarkennara/faggreinakennara. Hann skilar niðurstöðum til kennara og foreldra og skipuleggur nám nemenda í samræmi við niðurstöður með viðkomandi kennara.

Mat og úrbætur

Árangur á samræmdum prófum í 9. bekk kom ágætlega út, sérstaka ánægju vekur hversu margir nemendur fá A í ensku. Árangur 7. og 4. bekkjar var nokkuð yfir landsmeðaltali. Árangur skimana og samræmdra prófa var kynntur á kennarafundi. Rýnt var sérstaklega í niðurstöður prófanna bæði árganganna í heild og árangur einstakra nemenda. Brugðist var við niðurstöðum m.a. með endurskoðun á kennsluháttum og námsefni. Brugðist var við upplýsingum við vanda einstakra nemenda með því að gera breytingar á sérkennslu.

Lagðar eru fyrir kerfisbundnar lesskímanir sem komu ágætlega út þetta skólaárið. Niðurstöður eru rýndar og greindar niður á einstaka nemendur og brugðist við í samstarfi við foreldra. Eins og undanfarin ár hafa umsjónarkennarar unnið með PALS (Þör Að Lesa Saman) lestrarþjálfun sem byggir upp færni nemenda í lestri og lesskilningi með æfingum sem þeir vinna í 35 til 45 mínútur í senn, þrisvar sinnum í viku. Nemendur vinna saman í pörum og aðstoða hvorn annan við að bæta lesturinn. Nemendur sem voru undir 50% árangri fengu frekari stuðning hjá sérkennara. Niðurstöður úr Talnalykli komu afar vel út, en það var ánægjulegt vegna þess að kennarar höfðu lagt sig fram um að bæta árangur.

Nemendur og líðan

Skólinn notar sjálfsmatskerfið Skólalúpsinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Líður í því er að spyrja nemendur í skólanum í 6. - 10. bekk spurninga um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skóla- og bekkjaranda.

Nemendur svara í skólanum spurningalista á netinu. Hver nemandi svarar könnuninni einu sinni á ári. Könnunin er hluti af sjálfsmati skólans og gefur skólastjórnendum og kennurum möguleika á að bæta líðan nemenda og skólastarfið sjálft. Niðurstöður eru eingöngu birtar skólanum í formi meðtala og hlutfalla fyrir hópa. Niðurstöðurnar eru jafnframt notaðar af starfsmönnum Skólalúpsins til að framkvæma tölfræðigreiningar m.a. fyrir fræðsluskrifstofur, ráðuneyti og fræðimenn til að auka skilning á þroska og námsaðstæðum nemenda á landsvísu.

Tengiliður Skólalúpsins tilkynnir foreldrum um þátttöku nemenda í Skólalúpsinum og árlega er sent út bréf til foreldra þar sem könnunin er kynnt og foreldrum gefin kostur á að neita þátttöku.

Meðtalt kannana skólaárið má sjá í pdf skjali á heimasíðu skólans undir skólanámskrá/sjálfsmat skóla. Sarfsfólk skólans er sérstaklega ánægt með eftirfarandi þætti sem snúa að líðan nemenda:

Því miður var ekki farið í að framkvæma Skólalúps kannanir skólaveturinn 2019-2020 þar sem beðið var eftir útskurði lögfræðing vegna persónuverndarmála það lengi að ekki var hægt að gera könnunina þegar þau mál voru komin á hreint. Stefnt er að því að gera kannanir Skólalúpsins skólaveturinn 2019-2020.

Til að kanna viðhorf og líðan nemenda er einnig stuðst við tengslakannanir í bekkjum, fundi í skólaráði og niðurstöður úr könnun sem allir nemendur gera og rýna í fyrsta foreldraviðtali að hausti.

Mat og úrbætur

Sarfsfólk skólans telur allar þessar kannanir og fundi mikilvæga til að bæta skólastarfið og fylgjast með líðan nemenda. Veturinn 2017-2018 komu upp ítrekuð mál vegna samskipta í nokkrum árgöngum og var því ákveðið að taka inn Verkferakistu Vöndu fyrir alla kennara skólans auk þess sem farið var í að endurnýja PBS agakerfi, endurskoða reglur og allan skólabrag. Verkefnið gekk ágætlega, og verður fróðlegt að bera saman næstu niðurstöður úr Skólalúpskönnunum.

Foreldrasamstarf

Í aðalnámskrá grunnskóla, 2011, almennum hluta segir m.a.: Þrjú hópar mynda skólasamfélagið í hverjum skóla, þ.e. nemendur, starfsfólk skólans og foreldrar og forráðamenn. Mikilvægt er að þessir hópar vinni vel saman að mótun þessa samfélags og þeirra umgengnishátta sem eiga að einkenna samskipti innan skólans og utan. Til þess að þetta gangi vel þarf að ræða reglulega um áherslur og koma sér saman um meginviðmið.

Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 9172008 á skólaráð að starfa í skólanum ásamt foreldrafélagi. Um skólaráð segir í lögum: Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að

auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári.

Um starfsemi foreldrafélags segir eftirfarandi í lögum: Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

Gott foreldrasamstarf er ómetanlegt fyrir skólastarfið. Bæði hefur það góð áhrif á námsárangur sem og starfsandann í skólanum. Áhersla er á samvinnu og samráð við foreldra um hin ýmsu mál sem snúa að skólastarfinu. Öflugt foreldrafélag starfar við skólann. Það kemur að skólasetningu og skólaslitum, sér um innheimtu ritfanggjalds, skólabúninga, jólaföndur og öskudagsskemmtun. Foreldrafélagið heldur líka utan um skipulagningu á mjög öflugum starfi bekkjarfulltrúa.

Mat og úrbætur

Upplýsingaflæði var gott og vikuleg fréttabréf tengdu foreldra betur við starf barnanna í skólanum. Foreldraviðtölin eru helsta uppspretta upplýsinga. Öflugt foreldrafélag er starfandi við skólann. Í þessu felast tækifæri til að nýta foreldraflíð á markvissari hátt til að efla nám nemenda. Allir bekkjarfulltrúar sjá um nokkra viðburði með nemendum yfir skólaárið.

VERKLAG

Skólanámskrá

Samkvæmt lögum skal árlega gefa út skólanámskrá í hverjum skóla og er skólastjóri ábyrgur fyrir því að hún sé unnin, gefin út og kynnt. Skólanámskrá skal vera nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla en jafnframt gefur hún kost á að laga fyrirmælin að sérstöðu hvers skóla og staðbundnum aðstæðum. Námskrár skulu kynntar foreldrum á skólakynningum árganga að hausti en einnig er hægt að finna þær á heimasíðu skólans undir skólanámskrá /námskrár. Námskrárnar eru settar fram eftir árgöngum, valfögum, íþróttum og list- og verkgreinum. Áhersla er lögð á að skólanámskráin sé lifandi og raunverulegt plagg um starfshætti skólans.

Mat og úrbætur

Áhersla er lögð á að námskrár séu komnar inn á haustönn og eru þær í endurskoðun með tilliti til nýrrar aðalnámskrár grunnskóla.

Skóli án aðgreiningar – stoðþjónusta

Sæmundarskóli starfar samkvæmt stefnu Reykjavíkurborgar um skóla án aðgreiningar og í öllu starfi er leitast við að koma til móts við þarfir margbreytilegs nemendahóps eftir því sem kostur er.

Í lögum um grunnskóla segir m.a. að grunnskóli skuli „leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.“ (Lög um grunnskóla frá 2009 2. gr.)

Í reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla segir enn fremur:

„...nemendur:

- Fá jöfn tækifæri á eigin forsendum til náms og virkrar þátttöku í grunnskólum án aðgreiningar þannig að komið sé til móts við náms-, líkams-, félags- og tilfinningalegar þarfir þeirra.“ (Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010)

Í grunnskólalögum er jafnframt kveðið á um að „frá upphafi skólagöngu nemenda skuli unnið að forvarnastarfi með skimunum og athugunum á nemendum til að tryggja þeim kennslu og námsaðstoð við

hæfi. Auk þess skal fara fram greining á nemendum sem eiga í sálrænum eða félagslegum erfiðleikum sem hafa áhrif á nám þeirra. Allar athuganir á vegum skóla sem varða einstaka nemendur eru gerðar í samráði við og með samþykki foreldra..“ (Lög um grunnskóla frá 2009, 40. gr)

Stoðþjónusta Sæmundarskóla tekur mið af ofangreindu og skiptist í eftirfarandi þætti:

Sérkennsla, nemendaverndarráð, námsráðgjöf, eineltisteymi, áfallaráð, samstarf við þjónustumiðstöð og heilsugæsla.

Stoðþjónusta

Stoðþjónustuteymi skólans skipa:

Deildarstjóri stoðþjónustu sem jafnframt er teymisstjóri og fagstjóri sérkennslu sem jafnframt er sérkennari í 1. og 6. bekk, sérkennari í 2.-4. bekk, sérkennari í 4.-5. bekk, þrír þroskaþjálfar sem skipta með sér verkum eftir stigum (skipuleggja og taka þátt í markvissum atferliráðgjöfum. Teymið fundar einu sinni í mánuði og sérkennarar hafa sömuleiðis samráðsfund einu sinni í mánuði. Námsráðgjafi starfar í 100 % starfi við skólann.

Umsókn um sérstakan stuðning - Í maímánuði sækja umsjónarkennarar um sérstakan stuðning fyrir nemendur sína næsta skólaár. Teymistjóri stoðþjónustu kemur þar til gerðu umsóknareyðublaði til umsjónarkennara. Umsjónarkennarar láta foreldra vita að sótt hafi verið um stuðning. Umsóknir um sérstakan stuðning eftir að skóli hefst að hausti skulu gerðar á samskonar eyðublaði og notað er að vori og berast til teymisstjóra stoðþjónustunnar.

Í byrjun skólaárs fer fagstjóri yfir umsóknirnar ásamt stoðþjónustuteymi skólans. Metið er hvaða umsóknum er hægt að verða við. Málum forgangsraðað og verkefnum skipt milli sérkennara, vísað til námsráðgjafa eða annarra sérfræðinga eftir þörfum.

Kennsluhættir - Áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun og það er markmið skólans að finna sem allra fyrst þá nemendur sem þurfa sérstakan stuðning og er í því skyni lagðar fyrir skimanir (sjá kafla um skimanir og samræmd könnunarpróf). Kennslan er svo skipulögð út frá niðurstöðum þeirra. Stuðningurinn fer fram ýmist utan eða innan bekkjar.

Einstaklingsnámskrár - Í samráði við umsjónarkennara og stoðþjónustuteymi ákveður teymisstjóri fyrir hvaða nemendur skuli gera einstaklingsnámskrár og að hve miklu leyti. Einstaklingsnámskrá er unnin í samvinnu umsjónarkennara/faggreinakennara og sérkennara í samráði við foreldra. Námskráin er lögð fyrir foreldra og þeir undirrita hana ásamt umsjónarkennara/faggreinakennara og sérkennara. Einstaklingsnámskrá skal endurskoðuð eftir þörfum og a.m.k. einu sinni á skólaárinu.

Lestrargreiningar - Eins og áður segir eru reglulega lagðar fyrir skimanir sem gefa til kynna stöðu nemenda og námslega framvindu. Umsjónarkennari og sérkennari leggja í framhaldi af niðurstöðum þeirra hvaða nemendur þurfa frekari greiningu á lestrarvanda. Þeim nemendum er þá í samráði við foreldra vísað í slíka greiningu hjá sérkennara sem leggur þá alla jafna fyrir Logos greiningarpróf.

Hljóðfærnipróf var lagt fyrir nemendur í 1. bekk sem komu út í áhættuhóp í skimuninni Leið til læsis.

Stærðfræðigreiningar - Skimunarprófið Talnalykill er notað til að greina stærðfræði erfiðleika einstakra nemenda og stuðningur eða frekari greiningar skipulagðar út frá niðurstöðum.

Stuðningsfulltrúar - Stuðningsfulltrúar eru til aðstoðar þeim nemendum sem við alvarlegastan vanda eiga að etja. Þetta skólaár voru 11 stuðningsfulltrúar starfandi í skólanum.

Móttaka nemenda- Við móttöku nýrra nemenda, fatlaðra nemenda og nemenda af erlendum uppruna er stuðst við þar til gerðar áætlanir sem gerðar verða aðgengilegar á heimasíðu.

Nemendaverndarráð starfar samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91 2008 og reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum, nr. 584/2010. Þar segir m.a.: Skólastjóri grunnskóla skal samræma innan hvers grunnskóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda er lúta að sérfræðipjónustu, náms- og starfsráðgjöf og skólaheilsugæslu með stofnun nemendaverndarráðs.

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðipjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Samstarfið getur verið bæði vegna einstakra nemenda og forvarnastarfs. Stuðst er við verklagsreglur SFS.

Eftirtaldir aðilar sitja í nemendaverndarráði Sæmundarskóla: Aðstoðarskólastjóri, verkefnastjóri sérkennslu, deildarstjóri unglíngastígs, náms- og starfsráðgjafi, sálfræðingur frá þjónustumiðstöð og skólahjúkrunarfræðingur.

Námsráðgjöf - Námsráðgjafi er í fullu starfi í Sæmundarskóla. Hann er trúnaðarmaður og talsmaður nemenda. Hann situr í stoðþjónustuteymi skólans, nemendaverndarráði og eineltisteymi. Hann er auk þess teymisstjóri PBS.

Hlutverk námsráðgjafa er að standa vörð um velferð allra nemenda. Námsráðgjafi vinnur með nemendum, forráðamönnum, kennurum, skólastjórnendum og öðrum starfsmönnum skólans að ýmiss konar velferðarstarfi er snýr að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda.

Samstarf við þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts - Skólinn fær sálfræðipjónustu frá Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts. Snorri Már Sigmarsson sinnti Sæmundarskóla hluta úr vetri en Gunnhildur Gunnarsdóttir sálfræðingur tók við þeirri vinnu. Sálfræðingur greinir vanda nemenda og veitir ráðgjöf og stuðning. Kennsluráðgjafi og félagsráðgjafar á þjónustumiðstöð hafa einnig veitt stuðning og ráðgjöf í ýmsum málum.

Eineltisteymi - Við Sæmundarskóla er starfandi eineltisteymi. Í teyminu sitja námsráðgjafi, aðstoðarskólastjóri og umsjónarkennari.

Tilgangur og hlutverk er m.a. að:

- Taka á móti ábendingum um einelti, kanna þær ábendingar og leita lausna
- Kanna umfang eineltis í skólanum
- Miðla upplýsingum og fræðslu til starfsmanna, nemenda og foreldra
- Benda á og hrinda í framkvæmd fyrirbyggjandi aðgerðum.

Áfallaráð - Við Sæmundarskóla er starfandi áfallaráð. Þar sitja eftirtaldir aðilar: skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, námsráðgjafi, sálfræðingur og skrifstofustjóri.

Áfallaráð er bundið trúnaði. Hlutverk áfallaráðs er að vera skólastjórnendum og öðru starfsfólki skólans til aðstoðar við að mæta ýmiss konar áföllum sem nemendur og/eða starfsfólk verður fyrir eða tengjast því með einum eða öðrum hætti. Áfallaráð starfar samkvæmt áfallaáætlun og er kallað saman þegar áföll koma upp og tekur ákvörðun um hvort eða til hvaða aðgerða skal gripið. Áfallaráð skal koma saman að hausti og athuga hvort breyting hafi orðið á aðstæðum nemenda eða starfsfólks vegna áfalla.

Heilsugæsla - Hjúkrunarfræðingur frá Heilsugæslustöð Árbæjar sinnir skólaheilsugæslu og hefur viðveru í skólanum þrjá daga í viku. Hjúkrunarfræðingurinn situr einnig í nemendaverndarráði.

Fjölbreyttir náms- og kennsluhættir

Áherslur skólans eru: þemavinna, útikennsla, fjölbreyttir starfshættir, nám við hæfi hvers og eins og fjölbreytt námsmat.

Þemavinna - Frá upphafi hefur þemavinna verið hjarta skólastarfsins, með því að leggja áherslu á eitt viðfangsefni í einu, tengja inn sem flestar námsgreinar og nálgast viðfangsefnið hverju sinni á fjölbreyttan hátt er hægt að viðhalda gleði hjá nemendum og starfsmönnum. Í unglingsáæild tekur faggreinakennsla við en áfram með það að leiðarljósi að nota fjölbreyttar kennsluáferðir og margvíslegar leiðir til að læra og meta námið.

Útikennsla – Með útikennslu eykst fjölbreytni náms, nemendur fá tækifæri til að læra úti og um leið auka lýðheilsu og sjálfbæra vitund auk þess að læra að bera virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu.

Fjölbreyttir starfshættir og nám við hæfi hvers og eins - Listgreinum er gert hátt undir höfði og tengjast inn í þemastarf nemenda. Samþætting sem þessi leiðir til mikillar samvinnu, kennarar ræða saman um leiðir í kennslu og nemendur vinna gjarnan saman í hópaverkefnum. Á jóla- og vorstöðvum vinna allir saman í aldursblönduðum hópum.

Leitast er við að hver og einn fái nám við hæfi með því að aðlaga námsefni að þörfum nemenda og nota stöðvavinnu með ólíkum verkefnum.

Fjölbreytt námsmat - Markmiðið er að námsmatið sé lýsandi og hvetjandi. Unnið var að nýju námsmati í tengslum við nýjar áherslur frá Menntamálaráðuneytinu.

Áfram var unnið að breyttu námsmati og notast var við nýtt námsumsjónakerfi Mentors sem styður við breytingarnar. Ásamt því að margir kennarar notuðu Google Classroom kerfið til að gefa leiðbeinandi námsmat og til að koma skipulagi kennslu til nemenda.

Ákveðið var að gera námsmatið á rafrænan hátt og mælast til þess að foreldrar prenti út sjálfir ef þeir vilja.

Rétt er að ítreka að breytingarnar fela ekki í sér breytingar á kennsluháttum, en verða vonandi til þess að gefa skýrari mynd af stöðu nemenda.

ART námskeið - Fyrri hluta vetrar var boðið upp á ART námskeið fyrir nemendur en það stendur fyrir Aggression Replacement Training. ART er fastmótað, uppeldisfræðilegt þjálfunarmódel sem hefur það markmið að fyrirbyggja ofbeldi og kenna aðrar leiðir til að leysa samskipta-, tilfinninga- og hegðunarvanda. ART er fyrir börn, unglinga, fjölskyldur og einnig hefur það reynst áhrifaríkt fyrir einstaklinga með einhverfu og aðrar raskanir.

Í ART er unnið með: Félagsfærni, sjálfsstjórn og siðferðisvitund. Þeir þættir eru öllum börnum mikilvæg til að geta átt góð samskipti og eignast vini og hafa rannsóknir sýnt fram á að með því að vinna samhliða með þessa þrjá þætti þá næst betri og varanlegri árangur.

Mat og úrbætur

Þemavinna - Þemavinna gengur vel í skólanum. Þemað er í stöðugri endurskoðun með tilliti til nýrrar aðalnámskrár.

Útikennsla - Markviss útikennsla var á yngsta stigi. Skipulag útikennslu á mið- og unglingastigi fer eftir þeim viðfangsefnum sem unnið er með hverju sinni. Einstaka smiðjur á miðstigi og valfög í unglingadeild eru skipulögð með það í huga að nýta nærumhverfi skólans og fara í vettvangsferðir. Auk þess eru ávallt skipulagðar útistöðvar á jóla- og vorstöðvum. Efla þarf frekari útikennslu einkum á miðstigi.

Fjölbreyttir starfshættir og nám við hæfi hvers og eins

Almenn ánægja ríkir með starfshætti skólans en stöðugt er verið þróa og bæta starfið. Áhersla er á samræmd fagleg vinnubrögð og gæði kennslustunda.

Námsmat

Vorið 2016 bar öllum grunnskólum á landinu að gefa nemendum sem útskrifast úr grunnskóla vitnisburð þar sem notaðir eru bókstafirnir A, B+, B, C+, C og D.

Mikil þróunarvinna varðandi námsmat hefur verið í Sæmundarskóla, matsviðmið hvernar greinar eru brotin niður og samsvarandi hæfniviðmið hengd við þau. Þannig verður til vinnuskjal sem gerir kennurum kleyft að vinna markvisst að námsmati greinarinnar. Kennslulotur eru samdar út frá hæfniviðmiðunum og stuðla þetta að fjölbreyttara námsmati í öllum greinum – þar sem horfið er frá prófamiðunum námsmati í átt að verkefnaþætti. Námsmatið sjálft byggir á sóknarkvörðum sem settir eru fram sem hæfniviðmið, eða sem námsmarkmið sem byggja á hæfniviðmiðunum. Þessa sóknarkvarða fá nemendur áður en þeir vinna hvert verkefni og vita þannig að hverju er stefnt og út frá hvaða viðmiðum þeir verða metnir.

Skólaveturinn 2018-2019 var farið með þetta námsmatskerfi alveg niður í 1. bekk og notast við námsumsjónakerfi Mentors til að sýna framvindu náms hjá öllum nemendum. Ekki voru prentuð út vitnisburðablað en opnað á námsmatið í Mentor fyrir foreldra. Einnig var byrjað að þróa skólanámskrá uppúr hæfniviðmiðum í Mentor

Heimasíða

Í aðalnámskrá, almennum hluta 2011, s 72 segir m.a. „Brýnt er að skólar gefi reglulega skýrar og góðar upplýsingar um skólastarfið og áætlanir sem liggja fyrir um starfsemi skólans. Þetta má gera með ýmsum hætti t.d. í foreldravíðtölum, á sameiginlegum kynningum með foreldrahópum, í skólanámskrá og á vefsíðu skólans“.

Vefsíðu skólans www.saemundarskoli.is er ætlað að vera lifandi gluggi inn í skólasamfélagið og að þar megi finna allar nauðsynlegar upplýsingar um skólastarfið. Auk þess voru allir árgangar með fésbókarsíðu sem kennarar stýrðu en þar sem lögfræðingur SFS mælti gegn notkun á fésbók til að birta myndir úr skólastarfinu ákváðu kennarar að draga sig úr þeim hópum.

Mat og úrbætur

Heimasíðan er í stöðugri þróun og mikilvægt að foreldrar og starfsmenn komi með ábendingar um það sem betur má fara á síðunni.

Heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi

Skólinn er í nýju glæsilegu húsnæði, aðbúnaður er til fyrirmyndar bæði innan sem utan. Frístundaheimilið Fjósið hefur aðstöðu í færanlegu stofunum.

MANNAUÐUR

Í Sæmundarskóla er verið að byggja upp skólasamfélag þar sem unnið er eftir skýrri sýn skólans með velferð nemenda að leiðarljósi. Hver starfsmaður skiptir máli, mikilvægt að hver og einn leggi sitt af mörkum og líði vel á vinnustaðnum. Unnin hefur verið starfsmannahandbók sem nefnist „Saltarinn“. Nafn hennar er fengið úr hinni þekktu sögu af Sæmundi fróða þegar hann ferðaðist yfir hafið með hina fornu helgisíðabók „Saltarann“ í hendi. Saltari Sæmundarskóla inniheldur að vísu ekki helgisíði en honum er þó ætlað að miðla ýmsum góðum siðum og venjum til starfsmanna Sæmundarskóla. Einnig hefur verið unnin móttökuáætlun fyrir nýliða, jafnréttisáætlun og öryggisáætlun. Tvær síðarnefndu áætlanirnar eru sýnilegar á vef skólans.

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 gr. 12 segir: Starfsfólk grunnskóla skal rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samvirkusemi. Það skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki. Starfsfólk grunnskóla skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra, sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna og eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af störfum. Þagnarskylda starfsfólks grunnskóla nær ekki til atvika sem ber að tilkynna um lögum samkvæmt. Skal skólastjóri brýna skyldur þessar fyrir starfsfólki og sérstaklega tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum. Að frumkvæði skólastjóra mótar hver skóli áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár. Kennarar og skólastjórar grunnskóla skulu eiga kost á reglulegri símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína. Þeir skulu einnig eiga kost á námsleyfum.

Samstarf

Í Sæmundarskóla er áhersla á að starfsmenn fái tækifæri til að ræða fagleg málefni og geti komið skoðunum sínum á framfæri í teyrum. Teymi funda reglulega og föstudagsfundir eru teknir alvarlega fundirnir eru lífæð skólans þar fara fram skoðanaskipti, ákvarðanir eru teknar og leyst er úr ágreiningi. Í stækkandi skóla þarf að gæta þess að skipuleggja fundina vel til að þeir nýtist öllum sem þá sitja, auk þess sem fundir eru haldnir með kennurum og öðru starfsfólki einu sinni til tvisvar í viku.

Tveir kennarar skólans og einn úr hópi almennum starfsmanna sitja fundi skólaráðs sem eru 6-8 sinnum á skólaári.

Mat og úrbætur

Almenn ánægja er með samstarf í skólanum samkvæmt starfsmannakönnun SFS.

Kennarar hafa áhuga á að fylgjast betur með því sem er að gerast á öðrum skólastigum til að þróa starfið og skapa samfellu. Á næsta skólaári verður áhersla á að funda til skiptist í öllum stofum skólans og fá kennara til að kynna áhugaverðar hugmyndir fyrir félögum sínum.

Starfsánægja og líðan

Sæmundarskóli hefur komið vel út í viðhorfskönnunum sem gerðar hafa verið á vegum Reykjavíkurborgar síðustu ár. Á skólaárinu komu niðurstöður úr nýrri könnun og kom hún mjög vel út. Starfsfólk er almennt ánægt og starfsandinn og metnaður mælist afar hár. Ánægja hefur verið með störf starfsmannafélagsins sem skipuleggur skemmtanir og viðburði.

Símenntun

Unnið var samkvæmt símenntunaráætlun skólans, áhersla var á innleiðingu nýrrar aðalnámskrár og áhersla lögð á hæfnimiðað námsmat. Ætlunin var að hafa svokallaða námspolla þar sem kennarar kenna hvor öðrum en raunin var sú að þetta skólaár fór tíminn mikið til í að innleiða breytingar á námsmati og læra að nota Mentorkerfið og Google Classroom til að halda utan um námsferil nemenda auk þess sem allir kennarar lærðu á Verkfærakistu Vöndu og því gafst ekki frekari tími.

Dróunarverkefni

Skólar í Grafarholti og Úlfarsárdal fengu styrk frá Skóla- og frístundaráði til að efla læsi og lauk því verkefni með glæsilegri sameiginlegri læsistefnu sem var gefin út á prentuðum plakötum og sem rafrænn bæklingur. Verkefnið fékk viðurkenningu Skóla- og frístundaráðs.

Sæmundarskóli var þátttakandi í tveimur Erasmus verkefnum sem lauk báðum á þessu skólaári. Var annað verkefnið sem kallaðist „Europeanize yourself“ metið sem fyrirmyndarverkefni af landskrifstofu Frakklands, en verkefninu var stjórnað þaðan. Þetta var samstarfsverkefni á milli Sæmundarskóla og skóla í Frakklandi, Írlandi, Svíþjóð og Portúgal. Rúmlega 20 nemendur fengu tækifæri til að fara í ferðir og tókum við á mótí 32 gestum. Var ákveðið að sækja um nýtt verkefni með áherslu á landvernd og var Sæmundarskóli beðin að leiða það verkefni.

LOKAORÐ

Almennt gengur vel í Sæmundarskóla. Starfsfólk er ánægt og metnaðarfullt samkvæmt nýjtu könnunum. Ávallt er verið að leita nýrra leiða til að gera kennsluna betri og mun skólinn halda áfram að vinna að því að innleiða Google verkfæri til að nota tækni svo hægt sé að aðlaga fyrir nemendur með sérþarfir. Einnig verður haldið áfram að endurskoða PBS kerfið og vinna með skólabraginn.

Auk þess verður sótt um nýtt Erasmus+ verkefni sem getur komið með ferska vinda og nýjar áherslur inn í skólann.